



FIMMTUDAGUR 10. SEPTEMBER 2020

Tíska



Það hefur vakið mikla athygli heimspressunnar að Hollywood-stjarnan, Cate Blanchett, sýndi sig í gömlum fötum á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum á dögunum.

→4



Yr Prastardóttir er farsæll fatahönnuður og hefur ekki skort verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fatahönnuðir hafa siðferðislegar skyldur

Yr Prastardóttir fatahönnuður hefur í nógu að snúast. Hún vinnur fyrir íslenska fatamerkið Kötlu og var að leggja lokahönd á hönnun nýrrar línu undir eigin merki, Warriör. Hún leggur áherslu á náttúruvernd í hönnun sinni. →2

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

Framhald af forsiðu ➔

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Yr valdi að læra fatahönnun eftir stúdentspróf, því hún hafði alltaf haft sérstakan smekk á fötum og notaði fót til að aðgreina sig frá öðru fólki, til að tjá tónlistarsmekk og viðhorf í lífinu.

„Ég var komin í vinakreðsu af listafólki, bæði tónlistar- og myndlistar- og það kveikti í mér neista til þess að rækta sjálf mína eigin listhæfileika. Fatahönnun varð fyrir valinu því það var eitthvað sem ég taldi mig geta orðið góð í og höfðaði sterkt til mín,“ segir Yr.

„Ég útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands vorið 2010, og fór í starfsnám til Parísar og New York. Frá útskrift hef ég hannað undir eigin merki. Fyrst undir eigin nafni YR Collections og svo seinna undir Another Creation og núna undir merkinu Warriör.“

Auk þess að hanna fót undir eigin merki hefur hún fengið tækifæri til að vinna við búningagerð, bæði fyrir kvikmyndir, tónlistarmyndbönd, RÚV, Íslenska dansflokkinn og Íslensku óperuna. Einnig hefur hún unnið mikið við sérsaum.

„Ég hef fengið að sauma á mjög flottar konur eins og til dæmis Dorrit Moussaieff, Halldóru Geirharðs, Elizu Reid, Svölu Björgvins, Ragnhildi Steinunni og margar, margar fleiri. Ég tek einnig að mér að sérsníða brúðarkjóra og næ oftast um það bil einum þannig á ári,“ segir Yr.

„Það hefur gefið mér ótrúlegan innblástur að breyta út af vana og hanna fót sem eru fyrir annan tilgang en að framleiða og selja.“

Umhverfisvænn fatnaður

Yr hefur starfrækt fatamerkið Warriör í tæpt ár og ný lína merkisins er væntanleg í netverslun og pop-up verslun í haust. Áherslan í nýju línunni er á breytanlegan fatnað sem hentar öllum kynjum, en þetta er í fyrsta sinn sem hún hannar fót sem eru líka hugsuð fyrir karlmenn.

Yri er umhugað um umhverfismál og segir mikilvægt fyrir hönnuði að átta sig á siðferðislegum skyldum sínum gagnvart samfélaginu. Þess vegna vinnur hún hönnun fatamerkis síns, Warriör, út frá þeirri meginreglu að varan sé endingargóð, og með sjálfbærni í huga. Hún vill breikka áhersl-



Yr segir að fatnaðurinn sé eins konar sameiningartákn og auðkenni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Auk þess að hanna undir eigin merki hefur Yr fengist mikið við sérsaum.



Lúpínugallinn er fjölnota. Það er hægt að snúa honum á rönguna svo náttúruprentið sé inni í föðrinu og Warriör-lógóið að utan eða öfugt.

NÝJAR HAUSTVÖRUR STREYMA INN

LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

belladonna

Verslunin Belladonna



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Yr hefur hannað mjög fjölbreyttan fatnað eins og þessa fallegu kápu.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

urnar á umhverfisvænan fatnað og vinnur nú með endurunnið efni. Í kjölfarið ákvað hún að vinna með myndlistarkonu til þess að fá innblástur og hugmyndir um hvernig náttúran gæti spilað stærra hlutverk í hönnuninni.

„Myndlistarkonan Hrund Atlaðóttir vinnur mikið með náttúruvernd og verkefni tengd henni. Hún gerði meðal annars tvö stór upplifunarverk á síðasta ári, þar sem hún breytti Kópavogskirkju í mosavaxinn foss og tók yfir ljósin á Hörpu, á sama tíma og alþjóðlega loftslagsverkfallið átti sér stað,“ segir Yr.

„Hrund hannaði mynstur á galla fyrir Warriör í sumar, sem var öður til lúpínunnar. En það mætti jafnvel kalla hana „Warrior“ íslensku flórunnar. Lúpínan er umdeildasta planta íslenskrar náttúru, ýmist elskuð eða hötuð og veldur deilum.“

Lúpínugallinn er fjölnota. Það er hægt að snúa honum á rönguna svo náttúruprentið sé inni í

Föt og tíska endurspeglar oft samfélagið og það sem er í gangi hverju sinni.

föðrinu og Warriör-lógóið að utan, eða öfugt. Þannig er hægt að fá ólíka útgáfu af sömu flík.

„Fatnaðurinn er eins konar sameiningartákn og auðkenni. Föt og tíska endurspeglar oft samfélagið og það sem er í gangi hverju sinni,“ segir Yr.

„Föt geta sýnt hvaða stéttarstöðu fólk hefur, eða látið í ljós skoðanir og gildismat þess. Ég vil að merkið Warriör höfði til þeirra sem vilja vinna að sínum eigin hugmyndum og vera leiðandi í sínu fagi eða sviði. Undir það flokkast að sjálfsögðu allir listamenn, sprotar og bara allir sem koma verkum sínum á framfæri.“

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is



hjá
Hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Pokarnir sem nú fást í Rauðakrossbúðunum á höfuðborgarsvæðinu tóna vel við Plastlausan september og eru saumaðir af sjálfbóðaliðum RKÍ.

Töff tískutuðrur

Það er bæði við hæfi og smart að fara í búðaróp með nýju og glæsilegu pokana sem nú fást í Rauðakrossbúðunum á höfuðborgarsvæðinu. Pokarnir eru sér-saumaðir af sjálfbóðaliðum Rauða krossins og efniviðurinn gómul viskastykki, regnhlífir og annar ósöluhæfur textill.

Pokarnir eru bæði krúttlegir, elegant, töff og allt þar á milli og því ættu allir að finna sinn uppáhaldspoka til að hafa með

í innkaupin. Þeir eru líka frábær lausn fyrir Plastlausan september sem nú stendur yfir. Það er svo einstök tilfinning að fara í tiskubúðir með finu RKÍ-pokana því allur ágóði rennur til mannúðarstarfa Rauða krossins og verðið er aðeins þúsund kall.

Pokarnir fást nú þegar í Rauða-krossbúðunum í Kringlunni, á Laugavegi 12 og Skólavörðustíg 12 en í vikulokin ættu þeir líka að fást í Mjóddinni og á Hlemmi.



Cate Blanchett á rauða dreglinum í Feneyjum fyrir nokkrum dögum í fallega toppnum frá Alexander McQueen. MYNDIR/GETTY



London í febrúar 2016 þar sem Cate skartaði einnig þessum fallega toppi. Það hefur hingað til ekki verið til síðs að stjörnurnar mæti aftur í sömu fótunum á rauða dreglinn.

Sömu fötin aftur á rauða dreglinum

Það hefur vakið mikla athygli heimspressunnar að Hollywood-stjarnan, Cate Blanchett, sást í gömlum fótum á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum á dögunum.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Cate Blanchett sem er 51 árs kom tvisvar fram í fatnaði sem hún hefur áður notað við opinberar athafnir. Það þykir einsdæmi að svo fræg kona skarti sömu fótum í annað sinn og það á rauða dreglinum. Stílistum finnst þetta taklaust, en vist er að almenningi þygi þetta bara sjálfsagt, líkt og leikkonunni sjálfri. „Ef þú ert að planleggja mikilvægt samkvæmi er ekkert að því að leita að rétta dressinu í eigin klæðaskáp. Líka þótt þú sért heimsfræg leikkona,“ skrifar Elizabeth Stewart, stílisti leikkonunnar á Instagram. „Fallegir hlutir geta komið út frá sjálfbærni.“

Annað dressið sem Cate klæddist var ægífabur toppur sem hannaður var af Alexander McQueen. Cate klæddist toppnum á BAFTA-hátíðinni í Bretlandi árið 2016. Þá notaði hún svart pils við hann, en í þetta skipti var hún í svörtum buxum.

Hitt dressið er fallegur galakjöll sem hannaður er af Esteban Cortazar. Þann kjól notaði Cate við frumsýningu í London árið 2015.

Það er ákveðinn tilgangur hjá Cate með þessari uppákomu, þar sem hún ætlar að gefa þessi fót á uppboð til styrktar UN Women og fleiri góðum félögum. Uppboðið fer fram hjá Chic Relief, sem eru samtök sem taka enga þóknun til sín.

Cate Blanchett gegnir því virðulega embætti á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum að vera forseti dómnéfnar. Cate hefur í hyggju að gefa fleiri glæsiddress fyrir góðan málstað á uppboðinu, sem fram fer 23. september til 2. október.



Cate í Feneyjum fyrir nokkrum dögum í kjól sem hún klæddist á rauða dreglinum fyrir fjórum árum.



Cate í sama kjól í október 2015.

GÆDAYFIRHAFNIR
LAXDAL TRAUST Í 80 ÁR

SKOÐIÐ NETVERSLUN
LAXDAL.IS

Fylgið okkur á FB

BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551.4422 • www.laxdal.is

BIOThERM

THE POWER OF LIFE PLANKTON™

CHRISTY TURLINGTON BURNS

BIOThERM.DK

COMMITTED TO
A BETTER FUTURE
FOR OUR OCEANS
SINCE 2012



KEMUR Í VEG FYRIR ÖLDRUNAREINKENNI
VEGNA SKORTS Á ÞÉTTLEIKA HÚÐAR

HÚÐIN FÆR LYFTINGU, ÞÉTTLEIKA OG ENDURHEIMTIR LJÓMA

BLUE THERAPY NIGHT

„Red Algae“ er einstakur rauðpörungur sem finnst við strendur Atlantshafs. Biotherm gefur einstaka blöndu þörunga og kollagenpeptíða sem veita húðinni þéttleika, lyftingu og aukinn teygjanleika. Blue Therapy Red Algae línan býður nú einnig upp á ríkt, lyftandi dagkrem fyrir þurra húð og nærandi næturkrem.

BIOThERM KYNNING

Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS 10. - 13. SEPTEMBER.

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BIOThERM VÖRUM

Glæsilegur kaupuki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 8.900 kr. eða meira á meðan birgðir endast.

———— NÝTT FRÁ BIOThERM ————

RED ALGAE RICH



BLUE THERAPY RED ALGAE KREMIN
INNIHALDA EINSTAKA BLÖNDU
RED ALGA ÞÖRUNGA,
KOLLAGENPEPTÍÐA
OG LIFE PLANKTON™

RED ALGAE NIGHT



Ríkt dagkrem sem hentar fyrir þurra og daufa húð sem þarfnast lyftingar og jafnari áferðar. Húðin verður mýkri, þéttari og endurheimtir ljóma.

Næturkrem sem vinnur djúpt í leðurhúðina á meðan þú sefur, örvar náttúrulega endurnýjun húðarinnar og eykur þéttleika hennar til muna.

www.lyfogheilsa.is

 **Lyf & heilsa**
Kringlunni

Rolling Stones opna verslun

Hljómsveitin The Rolling Stones er búin að opna verslun í Soho-hverfi í London, þar sem hægt er að fá ýmiss konar varning og fatnað tengdan sveitinni, sem er ekki fáanlegur annars staðar.

Oddur Freyr

Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Rokkgoðin í The Rolling Stones voru að opna fyrstu opinberu Rolling Stones búðina á Carnaby-stræti númer 9 í Soho-hverfi London á miðvikudag, en búðin heitir RS No. 9 Carnaby. Þetta er í fyrsta sinn sem hljómsveit opnar varanlega verslun. Fjallað var um opnunina á vef Variety og Rolling Stone.

Nýja búðin varð til í samstarfi við Bravado, sem er fyrirtækið sem sér um vörumerki og varning Universal Music Group. Þar fæst ýmiss konar varningur tengdur sveitinni, sem og nýtt tiskumerki sem er samnefnt versluninni.

Búðin kynnti líka til sögunnar nýjan lit sem heitir „Stones rauður“, en það er nýr litur sem var hannaður af Pantone og er byggður á litnum sem var í vörumerki sveitarinnar þegar það birtist í fyrsta sinn. Vörulína í þeim lit er líka í boði, sem og vínýl-útgáfur af plötum sveitarinnar sem eru í takmörkuðu upplagi og fást bara í þessari verslun.

Búðin selur ýmsar aðrar vörur sem eru bara fáanlegar á þessum eina stað og voru framleiddar í samstarfi við ýmsa hönnuði, en alls bjó Bravado til um 80 nýjar vörur fyrir verslunina. Meðal annars er boðið upp á safn af vínglössum úr kristal, björglöss skreytt með vörumerki The Rolling Stones og ýmsan fatnað. Í framtíðinni verður svo boðið upp á nýjar vörur sem verða unnar í samstarfi við hönnuði og fást aðeins í þessari einu verslun. Úrvalið á að þróast með árstíðunum.

Draumabúð Stonesara

Í yfirlýsingu frá sveitinni sjálfri kemur meðal annars fram að Soho sé mikið rokkhverfi og því hafi Carnaby-stræti verið fullkominn staður fyrir verslunina.

„Við löbбуðum þarna um áður en þetta var Carnaby-stræti og varð frægt,“ sagði Mick Jagger, söngvari sveitarinnar, í viðtali til að kynna opnunina. „Við æfðum þarna nálægt og borðuðum þarna nálægt. En nú er þetta líka mjög góður staður til að hafa búð.“

Búðin er á tveimur hæðum og hún er öll í Stones rauðum og



Í versluninni fæst ýmiss konar varningur tengdur sveitinni, sem er bara fáanlegur á þessum eina stað, ásamt nýju tiskumerki.



svörtum lit. Þar er glergölf sem er skreytt með textum sveitarinnar og mätunarklefarnir eru skreyttir með myndum sem hafa prýtt plötuumslög. Fimm risaskjáiir spila svo

myndband sem inniheldur gamalt myndefni frá ferli sveitarinnar.

Þetta er greinilega draumbúð allra sannra Stonesara, enda voru þó nokkuð margir gallharðir

The Rolling Stones voru að opna fyrstu opinberu Rolling Stones-búðina á Carnaby-stræti í London, en búðin heitir RS No. 9 Carnaby. Þetta er í fyrsta sinn sem hljómsveit opnar varanlega verslun. MYNDIR/GETTY



Í yfirlýsingu frá sveitinni kemur meðal annars fram að Soho sé mikið rokkhverfi og því hafi Carnaby-stræti verið fullkominn staður fyrir verslunina.



Aðdáendur sveitarinnar létu faraldurinn ekki koma í veg fyrir að þeir mættu á opnun verslunarinnar.

sem er að versna í Bretlandi um þessar mundir. Upphaflega átti að opna búðina í sumar, en faraldurinn varð til þess að byggingu hennar og opnun var seinkað.

FYRSTU ÁRIN

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um fyrstu ár barnsins kemur út miðvikudaginn 16. september.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ





Úlpa
17.990,-
st. S-3XL

Kjöll
14.990,-
st. S-3XL

Jakki
15.990,-
st. 38-46

Bolur
9.990,-
st. S-3XL

NÝ SENDING
Frábært úrval
af **fallegum**
haust fatnaði!

B.

BRANDETTEX

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland | www.brandtex.is



KJÖLL
7.990,-
st. S-XXXL

BOLUR
4.990,-
st. S-XXXL

KJÖLL
6.990,-
st. S-XXXL

KJÖLL
7.990,-
st. S-XXXL

KJÖLL
6.990,-
st. S-XXXL

BOLUR
4.990,-
st. S-XXXL

KJÖLL
5.990,-
st. S-XXXL

HAUST 2020
Pantaorreyverslun
WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS

Kringlan

Mán - fös 10-18

Lau 11-17, Sun 12-17

Sími 551-1314

Glerártorg

Mán - fös 11-18

Lau 11-17, Sun 13-17

Sími 559-1314

ZIKZAK
TÍSKUHÚS

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ
GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og ég hringi til baka

Húsbílar



Ford 125/350.árgerð 2004, aftur
hjóla drifin, ekinn 132.000 km. Hús:
Blu camp Sky 202. Mest allur hús
búnaður fylgir með. Aukabúnaður:
Sólarsella. Inverter 12v í 220 v.
Dráttarkrókur. Uppl. í s. 690 1353 og
vatnskot@gmail.com

Þjónusta

Garðyrkja



- » Jarðvinna
- » Drenlagnir
- » Hellulagnir
- » Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra
stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsaveiðhald

Meistarar að verki

- Viðhald fasteigna
- Eldhús – Baðherbergi
- Múr- og steypuviðgerðir
- Málningarvinna inni/úti
- Gólfögn parket/flisar

Vönduð vinna-Vanir menn

Mávar Verktakar ehf.
780 3344 • mavarehf.is



» Smíðavinna

» Múrvinna

» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskipti.
Straumblik ehf. Löggiltur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

Hartoppar-Hárigræðsla-
Höfuðrótartatto. 25 ára
sérfraeðikunnátta. Raunverulegra
verður það ekki. Frí ráðgjöf.
Apolloharis. S:552 2099

Keypt & Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Risarækjur
og fleira góðgæti úr hafinu.
Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR
Í SJÁVARFANGI. WWW.
HUMARSALAN.IS S. 867 6677



Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opíð mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL
HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR
Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni,
útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði.
Eurotec A4 harðviðarskrúfur.
Penofin og Armstrong Clark
harðviðarolia. Indus ehf,
Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi
í sínum 660 0230 og 561 1122

Námskeið

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í sal að Skúlagötu 40 til að geta boðið nemendum uppá að halda fjarlægðamörk
vegna Covid19. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.

Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson.
Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi.
Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska III:

Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska IV:

Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska V:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

Skype námskeið spænska II

(22.000 krónur) :

Mánudaga og miðvikudaga: 20:00 - 21:00



Námskeiðin hefjast 21. og 22. september.
Verð á mann er 32.000 kr.

Upplýsingar í síma 698 5033 eða
spanskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: [spanskuskolinn_hablame](https://www.instagram.com/spanskuskolinn_hablame)

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða
s. 899 0913 Friða, www.reisum.is

Ferðaðþjónustuhús



Vönduð hús sem henta
vel í ferðaðþjónustuna,
afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Friða
www.reisum.is

MÁLUN & MEIRA

Öll almenn málningarvinna.
Smáviðgerðir og smíði.
Ýmis smáverk innan
og utanhúss.
Sjáum um allt frá A-Ö.
Góð þjónusta, vönduð og
þrífaleg vinnubrögð.

Getum bætt við okkur verkum.

Sími 839 6301 og tölvupóstur
malunogmeira@gmail.com

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞAÐ ER ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ
GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur





Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is